

1858.
30. nóvbr.

32. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmanns á Íslandi um eptirlaun fráskilinnar konu.

Vér höfum ritazt á við innanríkisstjórnina og stjórn hins almenna ekknasjóðs um beiðni þá, er þér, herra stiptamtmaður, senduð oss með bréfi yðru 14. nóvember í fyrra frá O. M. Ch. Thorarensen, dóttur Bonnesens, er lifir skilin frá manni sínum, gullsmið V. Thorarensen, þar er hún mælist til að fá eptirlaun sín, 50 rd. úr ekknasjóðnum og 20 rd. úr ríkissjóðnum, er henni hafa veitt verið 1840 eptir mann sinn látinn, J. Árnason, sýslumann í Suðurþingeyjarsýslu. Höfum vér nú fengið það svar, að hún geti eigi fengið eptirlaun sín þau úr ríkissjóðnum, af því hún sé eigi ekkja eptir skilningi eptirlaunalaganna, en fengið geti hún ekkjupeninga sína eptir fyrra mann sinn úr ekknasjóðnum, 50 rd. ár hvert frá því 24. ágúst í fyrra, þá er hún var skilin við síðari mann sinn að konungs leyfi.

Þessu skýrum vér yður frá, herra stiptamtmaðnr, að þér auglýsið henni það; vér sendum yður og auglýsing frá stjórn ekknasjóðsins, er vér biðjum yður færa henni; þá látum vér og yður vita, að þenna sama dag höfum vér boðið landfógetanum að greiða henni þá 50 rd. úr jarðabókarsjóðnum, svo sem venja er til og gegn fullkomnum heimildarskýrteinum.

20. desbr.

33. Bréf dómsmálastjórnarinnar til ráðgjafa hertoga-dæmanna Holtsetalands og Láenborgar um eið skipstjóra.

Hið konúnglega ráðaneyti fyrir hertogadæmin Holtsetaland og Láenborg hefir sent oss með bréfi sínu, dagsettu 15. október í haust, íslenzkt leiðarbréf, er notað var handa skipinu Activ frá Húsum; með bréfinu fylgdi og skýrsla frá bæjarráðinu í Altóna um apturskilun leiðarbréfsins. Hið konúngl. ráðaneyti getur nú þess, að Lodberg skipstjóri hafi unnið eið í nærveru bæjarráðsins í Altóna eptir fyrirmælum 7. gr. í opnu bréfi 28. marz 1787, en segir það ætlun sína, að eiðstafur sá

muni nú niður fallinn, síðan löginn 15. apríl 1854 um siglíngrar 1858.
og verzlun á Íslandi voru sett, og felur oss að lyktum á vald, 20. desbr.

Vér mælumst því til, að hið konúgl. ráðuneyti skýri bæjar-
ráðinu í Altóna frá, að fyrirmæli 7. greinar í opnu bréfi 28.
marz 1787 um skipstjóraeðinn sé nú úr lögum teknar, með
því að 4. gr. í verzlunarlögunum 15. apríl 1854 (samanborin
við lög 16. febr. 1856) og 5. grein mæli fyrir, hvernig nú
skuli útvega sér og skila aptur íslenskum leiðarbréfum.

33. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtannsins á 24. desbr. Íslandi, um vogrek.

Þér hafið, herra stiptamtmaður, í bréfi yðru 8. september
í haust skýrt oss frá, að á Skúmstaða fjöru hafi rekíð búi af
siglutré eður brandi, 20 álna lángr, er virtur hafi verið á
18 rd. 24 sk., og berið síðan undir oss, hvort eigandi rekans
skyldi eigi mega eignast vogrek þetta, þá er farið hefir verið
með það sem lög mæla fyrir, sjá opið bréf 2. apríl 1853, sbr.
opið bréf 4. maí 1778 2. gr., eður hvort hann þá mætti eigi
eignast það með þeim skildaga, að hann greiði í jarðabókar-
sjóðinn svo mikið fé, sem virðingar verð trésins var meira en
bjarglaun þess, þá er lögtími er liðinn frá lýsing vogreksins í
yffirdóminum.

Þessu máli skulum vér svo svara, sjálfum yður til eptir-
sjónar og til auglýsingar, að dómsmálastjórnin getur eigi álitíð
eiganda rekans eiga tilkall að lögum til siglutrés þessa, með
því að sjálfsagt sé, að þá er vogrek er virt, skuli meta verð
þess allt; en því er hún eigi mótfallin, að maðurinn fái trèð
keypt því verði, er það var virt, og hafi hann bjargað trènu
undan sjó, er eigi verður þó á málinu séð, þá skal hann taka
einn þriðjung virðingarverðs að bjarglaunum, en lúka hina tvo
í jarðabókarsjóðinn.